

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/917
komudagur 1. 3. 2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2005.

Efni: Frv. til I. um br. á I. um atvinnurétt. útl. nr. 97/2002. (47. mál.)

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem tengist efnislega 48. þingmáli sem er til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd þingsins og Verslunarráð hefur þegar veitt umsögn um.

Verslunarráð getur að nokkru tekið undir það sjónarmið sem fram kemur í frumvarpinu og varðar galla á því fyrirkomulagi að tímabundin atvinnuleyfi séu veitt atvinnurekendum en ekki þeim einstaklingum beint sem um ræðir. Óhætt er að fullyrða að oft væri atvinnulífinu mikill greiði gerður með því að færa þessi mál í hendur einstaklinganna sjálfra. Í greinargerð er hins vegar ekkert vikið að þeim sjónarmiðum sem eru baki þessu fyrirkomulagi. Vegur þar þyngst sjónarmið um skilvirkni við veitingu þessara leyfa en einnig þarf að hafa í huga að margt af því starfsfólki sem sækist eftir tímabundnu atvinnuleyfi kemur hingað til lands á kostnað atvinnurekanda, - og er það síður en svo gamaldags háttalag eins og þó er haldið fram í greinargerð.

Hvað almenn atvinnuleyfi varðar er nú þegar heimild til að veita einstaklingunum sjálfum atvinnuleyfi. Umfjöllun í athugasemdum virðist hins vegar lítinn mun gera á tímabundnu atvinnuleyfi og atvinnuleyfi smkv. 1. tl. 3. gr. núgildandi laga.

Verslunarráð telur að nokkuð skorti á rökstuðning með ofangreindri lagabreytingartillögu og að það hafi verið lagt mat á afleiðingar lagabreytingarinnar nái hún fram að ganga.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is